

135	E	1
90	F P	2
75	T O Z	3
60	L P E D	4
45	P E C F D	5
30	E D F C Z P Z	6
22	T E P O L F D Z	7
15	P C T Z D B F E O D	8
10	E T C L E P B Z E	9
6	D P L T B E P E R P L F E	10

HAFIÐ SAMBAND VIÐ OKKUR

Starfsfólk Miðstöðvarinnar er ávallt reiðubúið að svara spurningum og fyrirspurnum. Við hvetjum alla til að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna um málefni blindra, sjónskertra og daufblindra og þjónustu og ráðgjöf við notendur, aðstandendur og/eða fagfólk.

HVAR ERUM VIÐ?

Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin er á 5. hæð í Hamrahlíð 17 í Reykjavík.

HVENÆR ER OPIÐ?


Miðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 9 til 16.

TÍMAPANTANIR Í SÍMA 545 5800

hjá ráðgjöfum, augnlækni og sjónfræðingum.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.MIDSTOD.IS

Nánari upplýsingar má einnig fá á heimasíðu Miðstöðvarinnar, www.midstod.is.



ÞJÓNUSTU- OG ÞEKKINGAR- MIÐSTÖÐ

Málefni blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga á einum stað.



Þjónustu- og þekkingarmiðstöð
fyrir blindra, sjónskerta og daufblindra einstaklinga

UM MIÐSTÖÐINA

Miðstöðin er þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og heyrir undir félags- og tryggingamálaráðuneytið.

MARKMIÐ ÞJÓNUSTU- OG ÞEKKINGARMIÐSTÖÐVAR

Að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra.

STUÐNINGUR

Miðstöðin veitir stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku.

ÞJÓNUSTA

Miðstöðin veitir þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar.

ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ

Miðstöðin gegnir hlutverki þekkingarmiðstöðvar sem aflar og miðlar þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum.

HVERJIR NJÓTA ÞJÓNUSTU MIÐSTÖÐVARINNAR?

Sjónskertir einstaklingar með sjón sem er minni en 30% á betra auga, með venjulegum sjónglerjum, og sjónsvið innan við 20 gráður.

Sjónskertir einstaklingar sem glíma við erfiðleika vegna sjónskerðingar, t.d. við lestur 10 punkta leturs með venjulegum sjónglerjum, við athafnir daglegs lífs og umferli.

Blindir einstaklingar með sjón sem er minni en 5%, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 10 gráða sjónsvið.

Daufblindir einstaklingar þar sem sjón- og heyrnarskerðing takmarkar athafnasemi og hamlar þátttöku í samfélaginu í slíkum mæli að þörf er á sértækri þjónustu, laga þarf umhverfi að þörfum viðkomandi eða nýta sérstakan tæknibúnað til að mæta þörfum hans.

ÞJÓNUSTA Í BOÐI

- kennsluráðgjöf á öllum skólastigum
- þjálfun í umferli og athöfnum daglegs lífs
- þjálfun og kennsla á tölvur, forrit og ýmsa tengda tækni
- úthlutun og kennsla í notkun hjálpartækja
- félagsráðgjöf og upplýsingar um bætur
- yfirfærsla efnis á punktaletur og stækkað letur
- augnskoðun og sjónmat
- útgáfa vottorða
- smíði og úthlutun sérsníðaðra gleraugna
- smíði gerviaugna
- endurgreiðslur vegna gleraugnakaupa